

45 Nýru með inndælingu og 9. apríl lyf .....	135.00 kr.	Kviðarholsslægæð .....	65.00 kr.
Leg og leggöng með inn- dælingu og lyf .....	175.00 —	Heili með inndælingu lofts .....	150.00 —
Lungu .....	65.00 —	Mænugöng með inndæl- ingu .....	190.00 —
Hjarta .....	100.00 —	Lungnapípur með inndæl- ingu (lyf og sérfræðileg aðstoð innifalið) .....	250.00 —
Vélinda .....	110.00 —	Þvaggöng með inndælingu og lyf .....	135.00 —
Magi .....	130.00 —	Skyggníng lungna .....	35.00 —
Magi og mjógirni .....	185.00 —	Röntgengeislun .....	15.00 —
Magi og ristill eftir inn- dælingu .....	225.00 —	Ljósflækning (kvarts og kolbogaljós) .....	8 og 12.00 —
Ristill með inndælingu .	135.00 —		
Fóstur .....	100.00 —		
Grindarmæling .....	120.00 —		
Sneiðmyndir af lungum .	150.00 —		

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. apríl 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

Gústav A. Jónasson.

46

15. apríl

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 133/1950, um stóreignaskatt  
samkvæmt 12. gr. laga nr. 22/1950.**

### 1. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðar kærur út af álagningu stóreignaskatts og má áfrýja úrskurði hans til rikisskattanevndar Íslands.

Skattstjóri skal hafa lokið að úrskurða kærur í Reykjavík í síðasta lagi 15. apríl 1951 og 15. maí annars staðar á landinu.

Kærufrestur til rikisskattanevndar er í Reykjavík til 15. maí 1951 og til 15. júní annars staðar á landinu. Skal hún hafa lokið kærúrskurðum í síðasta lagi 30. júlí 1951.

Einnig getur skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði rikisskattanevndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 15. september 1951.

### 2. gr.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi: 15. ágúst 1951.

### 3. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 5 10. jan. 1951.

*Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1951.*

**Eysteinn Jónsson.**

Kjartan Ragnars.